



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1280

FUNDARBOÐ

**1280. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
9. október 2018 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1809183 - Aðalsk. Flóahvefi breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 1. október síðastliðinn var lögð fram skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Akraness 2005-2017. Skipulagslýsingin nær til Flóahvefis og felst breytingin m.a. í stækkun á landnotkunarreit og staðsetningu gróðurbelta.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirbyggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.

2. 1809184 - Aðalsk. - Smiðjuvellir breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 1. október síðastliðinn var lögð fram skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Akraness 2005-2017. Breytingin nær til Smiðjuvallasvæðis og felst m.a. í að landnotkunarreitir eru sameinaðir og skipulagsákvæðum breytt þannig að þar verði gert ráð fyrir blandaðri landnotkun, svæði I6 fært í austur og svæði V9 leiðrétt í samræmi við rétta afmörkun lóða.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirbyggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.

3. 1807128 - Deilisk. Flóahverfi - endurskoðun

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Breytingar felast m.a. í fjölgun og minnkun lóða og færslu á götu þ.a. lóðir geta verið sitthvorum megin við hana.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að deiliskipulagsbreytingin verði kynnt og auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi við Flóahverfi, samanber 1. lið fundargerðar þessarar. (málsnr. 1809183)

4. 1805071 - Deilisk. Smiðjuvallasvæðis

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla sem unnin er af Ask arkitektum ehf.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að deiliskipulagsbreytingin verði kynnt og auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi við Smiðjuvallasvæði, samanber 2. lið fundargerðar þessarar. (málsnr. 1809184)

5. 1805127 - Endurskoðun á bæjarmálasamþykkt

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 4. október síðastliðinn breytingar á bæjarmálasamþykkt Akraneskaupstaðar og vísar afgreiðslunni til málsmeðferðar og samþykktar í bæjarstjórn. Breytingarnar á bæjarmálasamþykktinni þurfa að hljóta tvær umræður í bæjarstjórn og staðfestingu af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og geta fyrst tekið gildi eftir birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

6. 1609101 - Frístundamiðstöð / golfskáli við Garðavöll

Kaupsamningur um kaup Akraneskaupstaðar á 35,58 eignarhlut Golfklúbbsins Leynis í vélageymslu sem byggð var árið 2013 var samþykktur í bæjarráði þann 4. október síðastliðinn. Akraneskaupstaður á fyrir 64,42 eignarhlut og verður því eftir kaupin 100% eigandi eignarinnar.

Bæjarráð vísar afgreiðslunni til endanlegrar staðfestingar í bæjarstjórn.

Fundargerðir til kynningar

7. 1801005 - Fundargerðir 2018 - bæjarráð

3354. fundargerð bæjarráðs frá 4. október 2018.

8. 1801008 - Fundargerðir 2018 - skipulags- og umhverfisráð

92. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 1. október 2018.

9. 1801007 - Fundargerðir 2018 - skóla- og frístundaráð

89. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 3. október 2018.

10. 1801015 - Fundargerðir 2018 - Höfði

87. fundargerð stjórnar Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis frá 17. september 2018.

11. 1801026 - Fundargerðir 2018 - Orkuveita Reykjavíkur

262. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 27. ágúst 2018.

263. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 19. september 2018.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.